



## Kristin trúfélög á Íslandi

Á Íslandi er fjöldinn allur af kristnum trúfélögum. Þjóðkirkjan er langstærst en um 77,6 % þjóðarinnar voru skráðir í hana í janúar árið 2011. Þjóðkirkjan tilheyrir lútersku kirkjudeildinni. Kapólska kirkjan er næst stærst hér á landi með um 3,2 % þjóðarinnar. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands eru 30 kristin trúfélög skráð á Íslandi en einnig starfa kristin trúfélög og hreyfingar sem ekki eru skráð. Mörg þeirra eru með heimasíður þar sem hægt er að fræðast betur um hvert þeirra og fylgjast með starfi þeirra.



Íslendingar tóku kristna trú um árið 1000 og voru hluti af rómversk-kaþólsku kirkjunni þar til upp úr 1540 þegar lútherstrú var lögbundin. Árið 1874 var trúfrelsi staðfest í stjórnarskrá landsins. Í töflunni hér að neðan er hægt að sjá hvaða kristnir söfnuðir eru skráðir hér á landi árið 2011 og hversu margir einstaklingar tilheyra hverjum söfnuði.

Kristin trúfélög á Íslandi	Fjöldi Íslendinga	Hlutfall %
<b>Skráð samkvæmt Hagstofu Íslands í janúar 2011</b>		
Þjóðkirkjan	247.245	77,64
Fríkirkjan í Reykjavík	8.728	2,74
Óháði söfnuðurinn	3.053	0,96
Fríkirkjan í Hafnarfirði	5.653	1,78
Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi	760	0,24
Betanía	185	0,06
Boðunarkirkjan	103	0,03
Vegurinn	658	0,21
Heimakirkja	10	0
Hvítasunnukirkjan á Íslandi	2.087	0,66
Kapólska kirkjan	10.207	3,21



Fríkirkjan Kefas	132	0,04
Krossinn	559	0,18
Rússneska rétttrúnaðarkirkjan	427	0,13
Samfélag trúaðra	34	0,01
Serbneska rétttrúnaðarkirkjan	218	0,07
Sjónarhæðarsöfnuðurinn	57	0,02
Kirkja hins upprisna lífs	29	0,01
Fyrsta baptistakirkjan	30	0,01
Íslenska Kristskirkjan	294	0,09
Alþjóðleg kirkja Guðs og embætti Jesú Krists	3	0
Catch The Fire (CTF)	134	0,04
Vonarhöfn	14	0
Himinn á jörðu	18	0,01
Bænahúsið	7	0
Vottar Jehóva	701	0,22
Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu	184	0,06
Þjóðkirkjan	247.245	77,64
Fríkirkjan í Reykjavík	8.728	2,74
Óháði söfnuðurinn	3.053	0,96

## Spurningar

1. Hve stór hluti Íslendinga er í þjóðkirkjunni?
2. Hvert er annað stærsta kristna trúfélagið á Íslandi? En það þriðja?
3. Hvað eru mörg kristin trúfélög á Íslandi?
4. Hvað er langt síðan Íslendingar tóku kristna trú?
5. Hvað er átt við með trúfrelsi?